



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Fimmtudagur, 31. janúar, 2008

Ákvörðun nr. 5/2008

Kaup Kaupþings banka hf. á helmingi hlutfjár í Einkalúbbnum ehf.

I.

Málsatvik

Með bréfi dagsettu 24. september 2007 var Samkeppniseftirlitinu tilkynnt um kaup Kaupþings banka hf. (hér eftir Kaupþing) á 49% hlutfjár í Einkalúbbnum ehf. (nú Ekort ehf.). Með því að samningar aðila kváðu á um að Kaupþing og Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis hf. (hér eftir SPRON) myndu fara saman með stjórn félagsins og eiga hlutfé að jöfnu að tilteknum tíma liðnum er um að ræða breytingu í yferráðum af því tagi sem felur í sér samruna í skilningi 4. og 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005. Ekki bárust viðhlítandi gögn frá samrunaaðilum þegar í stað en nokkur fylgigagna vantaði. Bárust þau með bréfum 26. september og 2. október. Við móttöku síðara bréfsins taldi Samkeppniseftirlitið að tilkynnt hefði verið með fullnægjandi hætti um samrunann og hófst því 30 daga frestur sá sem Samkeppniseftirlitið hefur til að meta hvort frekari rannsóknar sé þörf.

Með bréfi dagsettu 24. október óskaði Samkeppniseftirlitið frekari gagna frá aðilum vegna samrunans. Þann 31. október tilkynnti Samkeppniseftirlitið svo að stofnunin teldi nauðsynlegt að rannsaka samrunann frekar.

II.

Niðurstöður

Einkalúbburinn er félag sem hefur með höndum markaðssetningu og ýmsa umsýslu tengda útgáfu svokallaðra Ekorta. Ekort er kreditkort með sérstöku tryggðarkerfi. Þannig fylgja Ekorti bæði vildarpunktur hjá flugfélagi og endurgreiðsla viss hlutfalls veltu kortsins.

Kaupþing kaupir 49% hlut í Einkalúbbnum af SPRON ásamt því sem Kaupþing skyldi eignast 1% í félaginu frá 1. janúar 2008 að telja. Í kjölfarið áforma samrunaaðilar að Ekort muni einn og alfarið sjá um markaðsetningu Ekorta, rekstur kerfa því tengdu o.p.h. en SPRON og Kaupþing munu gefa út kortin. Verður kortaútgáfan sjálfstæð þannig að ekki er um að ræða samræmingu á skilmálum, kortagjöldum, skiptingu tekna og gjalda af útgáfunni eða annars konar samskipti á milli SPRON og Kaupþings.

Kaupþing er fjárfestingar- og viðskiptabanki sem starfar á grundvelli laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Hefur Kaupþing starfsemi í ýmsum löndum og veitir fyrirtækjum, einstaklingum og stofnunum alhliða fjármálaþjónustu.



Kaupþing hefur ekki starfrækt sérstakt tryggðarkerfi tengt útgáfu kreditkorta. SPRON starfar jafnframt á grundvelli laga um fjármálafyrirtæki. Veitir félagið sambærilega þjónustu og Kaupþing en starfssvæði SPRON er þó að meginstefnu til höfuðborgarsvæðið skv. upplýsingum á heimasíðu þess.

Starfsemi Kaupþings og SPRON skarast á ýmsum sviðum, þ.m.t. á sviði kortaútgáfu. Kaupþing rekur útibú víða um land en útibú SPRON eru á höfuðborgarsvæðinu. Til samans mynda útibú Kaupþings og SPRON verulegan hluta af bankaútibúaneti á höfuðborgarsvæðinu. Með samrunanum má telja ólíklegt að Kaupþing muni koma á fót sjálfstæðu tryggðakerfi fyrir handhafa kreditkorta sambærilegu því sem Einkaklúbburinn býður upp á. Af þeim sökum fækkar mögulegum kostum neytenda nokkuð við samrunann.

Þann 20. desember var fulltrúum Kaupþings greint frá því að Samkeppniseftirlitið teldi að í samrunanum kynnu að felast samkeppnisleg vandamál. Fælust vandamálin meðal annars í því að upplýsingaskipti eða samráð kynni að eiga sér stað við það að eignatengsl mynduðust á milli þessara tveggja samkeppnisaðila. Í kjölfarið hafa samrunaaðilar fallist á að samrunanum verði sett skilyrði. Fela skilyrðin í sér að SPRON, Kaupþing og Einkaklúbburinn muni starfa sem mest óháð hvert öðru. Einkaklúbburinn mun lúta sjálfstæðri stjórn og SPRON og Kaupþing gefa út kreditkort undir vörumerkinu e-kort án samstarfs hvort við annað. Samkeppniseftirlitið telur að skilyrðin séu nægjanleg til þess að eyða þeim samkeppnislegu vandamálum sem ella hefðu skapast með samruna þessum.

Ákvörðunarorð:

„Kaup Kaupþings banka hf. á hlut í Einkaklúbbum ehf. (nú Ekort ehf.) felur í sér samruna í skilningi 4. og 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005. Með heimild í 1. mgr. 17. gr. samkeppnislaga og að tillögu samrunaaðila setur Samkeppniseftirlitið samrunanum skilyrði. Með setningu eftirfarandi skilyrða er ekki þörf á ógildingu samrunans:

1. gr.

Kaupþing banki hf. og Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis hf. (SPRON) skulu tryggja að rekstrarlegur og stjórnunarlegur aðskilnaður sé milli Kaupþings banka hf. og SPRON annars vegar og Ekorta ehf. hins vegar. Skal Ekort ehf. rekið sem sérstakur lögaðili. Hvorki stjórnarmenn eða starfsmenn Kaupþings banka hf. né stjórnarmenn eða starfsmenn SPRON skulu sitja í stjórn eða varastjórn Ekorta ehf. Á sama hátt er stjórnarmönnum og starfsmönnum Ekorta ehf. óheimilt að sitja í stjórn eða varastjórn Kaupþings banka hf. eða sitja í stjórn eða varastjórn SPRON. Hið sama gildir um þá sem eru makar umræddra starfsmanna, skyldir þeim eða mægðir í beinan legg eða systkini þeirra.



2. gr.

Kaupþingi banka hf. og SPRON er óheimilt að hafa með sér samvinnu eða grípa til samstilltra aðgerða um viðskipti eða þjónustu sem snýr að greiðslukortum sem hvor aðili um sig gefur út til núverandi eða hugsanlegra viðskiptavina sinna, svo sem úttektarheimildir á greiðslukortum, greiðslu- og vaxtakjör til viðskiptavina greiðslukorta, kortagjöld eða sölu og markaðssetningu greiðslukorta sem hvor aðili um sig gefur út í sínu nafni.

3. gr.

Stjórnarmönnum og starfsmönnum Ekorta ehf. er óheimilt að veita hvers konar viðskiptalegar upplýsingar sem stafa beint eða óbeint frá Kaupþingi banka hf. til stjórnarmanna og/eða starfsmanna SPRON eða hvers konar viðskiptalegar upplýsingar sem stafa beint eða óbeint frá SPRON til stjórnarmanna og/eða starfsmanna Kaupþings banka hf. Stjórnarmönnum og starfsmönnum Ekorta ehf. er jafnframt óheimilt að veita Kaupþingi banka hf. og/eða SPRON upplýsingar um þau atriði sem tilgreind eru í 2. gr. verði þeir áskynja um slíkar upplýsingar.

Stjórnarmenn og starfsmenn Ekorta ehf. skulu undirrita yfirlýsingu um þagnarskyldu og trúnað þar að lútandi. Afrit þessara yfirlýsinga skulu send Samkeppniseftirlitinu.

4. gr.

Skilyrði ákvörðunar þessarar taka til samrunaaðila og allra annarra fyrirtækja sem eru og verða til innan samstæðu hvers samrunaaðila fyrir sig.

5. gr.

Brot á þessum skilyrðum varðar viðurlögum samkvæmt IX. kafla samkeppnislaga."

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson